

þessa, ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 50 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. október 1938.

Nr. 40/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
 gegn

John Gibb Souter (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem að er vikið í héraðsdóminum fól undir-
 dómarinn, meðan á rannsókn málsins stóð, þáver-
 andi forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykja-
 vik að marka á sjóuppdrátt staði varðskipsins
 „Ægir“ kl. 09.00, 09.10 og 09.21, miðunarlínur
 frá stöðum þessum til togara kærða og stað þann,
 þar sem togarinn var stöðvaður kl. 09.40, allt sam-
 kvæmt mælingum yfirmanna varðskipsins. Sam-
 kvæmt afmörkunum skjólastjórans liggja ofan-
 nefndar miðunarlínur innan landhelginnar á all-
 löngu svæði og staður togarans á miðunarlínunni
 kl. 09.21 er innan landhelgi, sé talið víst, að hann,
 þ. e. togarinn, hafi siglt í V.S.V. til tökustaðarins,
 eins og kærði staðhæfir, eða í S.V. eins og skipherra
 varðskipsins hermir eftir kærða, en í þessu sam-
 bandi er þess að geta, að skipherrann kveður því
 hafa verið veitt allgreinilega eftirtekt frá varð-
 skipinu, þegar það nálgast togarann, að hann

sigldi í vestur eða nálægt því. Fjarlægðin frá þeim stað, þar sem miðunarlínan kl. 09.21 sker landhelgilínuna og að tökustaðnum er, eftir staðsetningu skólastjórans, 1.7 sjómílar. Ef telja ætti, að togari kærða hefði ekki inn í landhelgina komið, þá yrði að gera ráð fyrir, að hann á þeim 19 mínútum, sem liðu frá því að hann var á miðunarlínunni kl. 09.21 og þangað til hann var stöðvaður, hefði siglt a. m. k. nefndar 1.7 sjómílar, en það svarar til 5.37 sjómílna siglingarhraða á klukkustund. En að togari kærða hafi siglt greinda leið á 19 mínútum með vörpuna í eftirdragi, verður ekki samrýmt þeirri skýrslu kærða, að hann sigli $2\frac{3}{4}$ —3 sjómílar miðað við klukkustund með vörpuna í eftirdragi og að hann hafi togað í V.S.V. til tökustaðarins. Með tilvísun til framanskráðra atriða og ennfremur þess, að staðarákvarðanir togarans samkvæmt miðunum kærða sjálfs, þeim er í héraðsdóminum getur, koma alls ekki heim við skýrslu kærða um siglingarstefnu togarans né tökustaðinn, þá verður að telja sannað, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi. Ber þess vegna með þessum athugasemdum að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að fjárhæð sektarinnar ákveðst 21100 krónur með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 47.52, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, John Gibb Souter, greiði kr. 21100.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. marz 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn John Gibb Souter, skipstjóra á togaranum „Gunner“ G. Y. 434, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924.

Hinn 6. þ. m. kl. 9.40 árdegis tók varðskipið Ægir togarann fastan vestur af Öndverðarnesi og var hann þá með vörpu í togi. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun, er gefur stað togarans um 0.75 mílu utan landhelgilínu.

Öndverðarnestáin

> 19° 25'

Svörtuloftaviti

> 36° 30'

Hólahólar

Varðskipið, sem var á leið vestur með Snæfellsnesi, varð vart við togarann laust fyrir kl. 9. Kl. 9 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Svörtuloftaviti

> 50° 50'

Hólahólar

> 47° 30'

Malarrifsviti

Samtímis miðaðist togarinn í r/v 339 og fellur miðunarlínan innan landhelgilínunnar á um 8.6 mílna svæði frá varðskipinu að telja, samkvæmt athugun varðskipherrans.

Kl. 9.10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun varðskipisins:

Svörtuloftaviti

> 67° 53'

Hólahólar

> 30° 00'

Malarrifsviti

Miðunarlínan til togarans fellur innan landhelgilínu á um 7.4 mílna svæði.

Kl. 9.21 er staður varðskipisins ennþá ákvarðaður:

Svörtuloftaviti

> 76° 00'

Hólahólar

> 19° 00'

Dritvíkurtangi

Þá mældist hornið milli togarans og Svörtuloftavita 42° 54', og fellur miðunarlínan innan landhelgi á um 5.5 mílna svæði.

Í skýrslu sinni hefir skipherrann haldið því fram, að kærður hafi í viðtali talið sig hafa siglt stefnurnar NA, meðan hann hélt upp að landinu, en síðan snúið skipinu til bakborða og stýrt eftir það í SV. Fyrir réttinum hefir kærður haldið því fram, að hann hafi stýrt stefnuna ANA, en síðan snúið í VSV, og sé skýrsla skipherra um þetta samtal sitt byggð á misskilningi. Sjálfur kveður skipherra sig hafa veitt því eftirtekt, að togarinn sigldi í vestlæga stefnu.

Nú hefir kærður jafnframt borið, að skip sitt fari með 2½—3 mílna hraða með vörpu í eftirdragi, og taldi skipherrann því, að togarinn hefði hlotið að vera innan Jandhelgilínunnar á tímabili því, er varðskipið veitti honum eftirtekt kl. 9—9.21 og nokkuð lengur, og það allt

að hálfri sjómilu, en til þess að togarinn hefði ekki komið í landhelgi á þeim tíma, sem mælingarnar voru gerðar á, hefði hann orðið að ganga með 7 mílna hraða til þess að komast á stað þann, er hann var tekinn á.

Að tilhlutun málafærslumanns útgerðarinnar fól rétturinn Páli Halldórssyni, skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, að setja mælingar skipherrans út á sjókort að nýju. Hefir skólastjórinn athugað stöðu togarans kl. 9.21 samkvæmt mælingum varðskipsins, miðað við það, að hann hafi siglt til staðar þess, er hann var tekinn á, í misvisandi V. annarsvegar og misvisandi VSV hinsvegar, og eru báðir staðirnar innan landhelgilínu.

Kærður hefir eindregið neitað því að hafa farið inn fyrir landhelgilínu á umræddu tímabili, og hefir stutt það með miðunum í landmörk, sem hann kveðst hafa gert ásamt Páli Bjarna Sigfússyni, fiskleiðtoga togarans, sem hefir staðfest þá sögn kærðs um þetta og unnið eið að framburði sínum. Kveðst kærður hafa togað í stefnuna ANA, en snúið síðan í stefnuna VSV og verið þá í miðinu Hólahólar-Purkhóll, Svörtuloft um Hreggnasa, og gefi það stað togarans utan landhelgilínu. Um það bil, að varðskipið kom að togaranum, var hann í miðinu Purkhóll í snertingu við rætur Hólahóla að utan og Svörtulofta í Bárðarkistu. Báðar þessar miðanir hefir kærður sett út í sjókort og lagt fram í réttinum.

Þessi síðari miðun kærðs er samkvæmt framburði hans gerð á sama stað og samtímis staðarákvörðun varðskipsins kl. 9.40, sem fyrst er greind hér að framan. Skipherrann var þess vegna fenginn til að athuga muninn á staðarákvörðun varðskipsins og miðun kærðs, eins og hún er sett út á sjókort hans. Kom þá fram, að hinn afmarkaði staður kærðs er 302° r/v frá staðarákvörðun varðskipsins og fjarlægðin milli þeirra sem næst 2.8 mílur. Staður kærðs er 3.1 míla utan landhelgilínu.

Að áliti réttarins verður að ganga út frá því, að mælingar varðskipsins, sem gerðar eru af skipherra ásamt 1. og 2. stýrimanni varðskipsins, er báðir hafa staðfest þær með eiðfestum framburði sínum, séu réttar, enda hafa þær ekki verið véfengdar með rökum. Og með tilliti til framburðar kærðs sjálfs um siglingastefnu togarans og hraða hans með vörpu í togi verður að telja sannað, að

hann hafi verið innan landhelginnar á áðurumgetnu tímabili.

Samkvæmt þessu verður að telja kærðan hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir refsing hans, sem ekki hefir svo kunnugt sé áður gerzt sekur við landhelgilöggjöfina, hæfilega ákveðin 20600 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og er þá tekið tillit til núverandi gullverðs islenzkrar krónu. Verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi. Þá skulu og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Gunner G. Y. 434 upptækt gert og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, John Gibb Souter, greiði 20600 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 8 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Gunner G. Y. 434 sé upptækt gert og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.